

Hafnarsamlag Norðurlands
Hörður Blöndal, hafnarstjóri
Við Fiskitanga
600 Akureyri

2001020043
6000; 9310

Reykjavík, 30. mars 2001
/--

Efni: Stækkun Vesturbakka í Fiskihöfn, Akureyri. Ákvörðun um matsskyldu

Vísað er til erindis Siglingastofnunar fyrir hönd hafnarstjórnar Hafnarsamlags Norðurlands dags. 8. febrúar 2001 þar sem óskað er eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu stækkunar Vesturbakka í Fiskihöfn á Akureyri og efnistöku af sjávarbotni vegna þeirrar framkvæmdar, samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og liðum 2 a, 10 h og 13a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Akureyrarbæjar, Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins og Þjóðminjasafns Íslands. Umsagnir bárust frá Akureyrarbæ með bréfi dags. 2. mars 2001, Hollustuvernd ríkisins með bréfi dags. 9. mars 2001, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 5. mars 2001 og Þjóðminjasafni Íslands með bréfi dags. 5. mars 2001. Svör við umsögnum og frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 26. og 27. mars 2001.

FRAMLÖGD GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að fyrirhuguð sé stækkun Vesturbakka í Fiskihöfn á Akureyri, lenging hafnarkants með því að reka niður um 70 m langt stálþil, dýpkun hafnar um 91.000 m³ og gerð landfyllingar. Fyrri áfangi Vesturbakka var byggður á árunum 1999-2000. Þá var rekið niður 120 m langt stálþil og höfnin dýpkuð um 84.000 m³. Við lengingu Vesturbakka um 70 m mun svokallaður Skipatangi hverfa en það er fjörुकambur myndaður úr framburði Glerár. Þar munu hafa staðið verbúðir, reistar um miðja 20. öld.

Fyrirhugað er að nýta megnið af dýpkunarefninu á landi. Efninu verður dælt á land eða grafið upp og síðan verður það flutt í fyrirhugaða landfyllingu sem verður um 0.8 ha og innan grjótvarnargarðs, skammt norðan við framkvæmdasvæðið. Grjótgarðurinn hefur nú þegar verið byggður. Samkvæmt sýnistökum er dýpkunarefnið sandur með lágt hlutfall fínefna eða

innan við 25%. Við niðurrekstur stálþilsins verður óhjákvæmilega nokkur hávaði en við fyrri áfanga Fiskihafnar komu ekki fram kvartanir undan ónæði, enda er svæðið umgirt hafnar-, iðnaðar- og verslunarsvæði.

Framkvæmdaraðili telur ekki að framkvæmdin skuli háð mati skv. 2. og 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt

Í umsögnum Akureyrarbæjar og Náttúruverndar ríkisins og Þjóðminjasafns Íslands kemur fram það álit að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Hollustuverndar ríkisins kemur fram að ónógar upplýsingar liggi fyrir um framkvæmdina til að unnt sé að áætla hvort umtalsverð umhverfisáhrif hljóttist af. Stofnunin telur þó að þær athugasemdir sem eru gerðar séu ekki ein og sér nægar til þess að krefjast mats á umhverfisáhrifum.

Lenging Vesturbakka

Þjóðminjasafn Íslands telur mikilvægt að mæla og skrá það sem eftir er af leifum verbúða á Skipatanga áður en ráðist verður í framkvæmdina.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að árið 1997 hafi Hafnarsamlag Norðurlands og Akureyrarbær keypt húsin á Skipatanga til niðurrifs vegna stækkunar Fiskihafnar. Þannig höfðu allar verbúðir verið rifnar áður en ráðist var í dýpkun vegna fyrsta áfanga stækkunar Fiskihafnar árið 1999. Eftir stóðu tvö sambyggð hús sem í voru fiskverkun og reykning, en þau voru rifin í byrjun árs 2001 áður en tilmæli Þjóðminjasafnsins lágu fyrir.

Efnistaka af sjávarbotni og gerð landfyllingar

Í umsögn Hollustuverndar ríkisins kemur fram að fyrirhuguð dýpkun muni eiga sér stað á miðju hafnarsvæði, í næsta nágrenni við Slippstöðina og að atvinnustarfsemi þar og á Skipatanga geti hafa haft áhrif á ástand þess efnis sem áætlað er að fjarlægja og kanna beri m.a. hvort olfa greinist í efninu. Umtalsverður hávaði skapist af niðurrekstri stálþils og tryggja verði að sá hluti framkvæmdarinnar standist ákvæði reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða. Bent er á að engar upplýsingar séu veittar um framkvæmdir bak við fyrirhugað stálþil eða í fyrirhugaðri landfyllingu fyrir norðan stæði flotkvíar, t.d. hvað varðar skipulag fráveitulagna, breytta landnotkun og mengunarhættu vegna framkvæmda og tengdra atriða. Stofnunin telur æskilegt að framangreindar upplýsingar liggi fyrir áður en ráðist verði í framkvæmdina og að samráð verði haft við umhverfisvöld við ákvörðun um tilhögun framkvæmdar.

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að framkvæmdum við dýpkun kunni að fylgja mengun í sjó og ástæða sé að gera ráðstafanir í samráði við sérfræðinga á því sviði.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í samráði við Hollustuvernd ríkisins hafi framkvæmdaraðili látið taka botnsýni sitt hvoru megin við Skipatanga á um 4 til 6 m dýpi til ákvörðunar á olíuefnum. Niðurstaða rannsóknarinnar var sú að engin olíuefni greindust í sýnunum yfir viðmiðunarmörkum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða stækkun Vesturbakka í Fiskihöfn á Akureyri. Gert er ráð fyrir að framkvæmdin skiptist í þrjá þætti: Lengingu hafnarbakka með því að reka niður 70 m stálþil, efnistöku í sjó og gerð 0.8 ha landfyllingar. Samkvæmt 6. gr. og liðum 2a, 10h og 13a í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum ber að tilkynna fyrirhugaða framkvæmd til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

Verbúðir þær, sem stóðu á Skipatanga, hafa þegar verið rifnar og engin ummerki um eldri mannvist á tanganum munu vera til staðar. Í ljósi þess að framkvæmdin er á hafnarsvæði, all fjarri íbúðarbyggð, telst tímabundinn hávaði vegna niðurreksturs stálþils og umferðar vegna efnisflutninga, ásættanlegur, enda verði staðið að niðurrekstri stálþilsins í samræmi við reglugerð nr. 933/1999 um hávaða. Ekki greindust olíufni yfir viðmiðunarmörkum í botnsýnum sem tekin voru á 4-6 m dýpi við Skipatanga. Fyrir liggur að grjótvörn um fyrirhugaða landfyllingu hefur þegar verið hlaðin.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram að hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð stækkun Vesturbakka í Fiskihöfn, Akureyri, efnistaka af sjávarbotni og gerð landfyllingar vegna þeirrar framkvæmdar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Akureyrarbæjar samkvæmt 27. gr. skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997, m.s.b.

Fyrirhuguð framkvæmd við lengingu hafnarkants er innan núverandi hafnarmannvirkja og í samræmi við Aðalskipulag Akureyrar 1998-2018. Hins vegar er fyrirhuguð landfylling ekki í samræmi við aðalskipulagið og því háð breytingu á því.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 2. maí 2001.

Stefán Thors

Hólmfríður Sigurðardóttir

Afrit: Umhverfisráðuneytið, Akureyrarbær, Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins, Siglingastofnun, Þjóðminjasafn Íslands

